

Reykjavík 25. júlí 2008

Boðun á 56. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri dagana 24. og 25. október 2008

Til formanna hestamannafélaga

Landsþing LH verður haldið dagana 24. og 25. október n.k. í boði hestamannafélagsins Kóps. Rétt til þingsetu eiga 171 þingfulltrúi frá 46 hestamannafélögum.

Kjörbréf verða send formönnum hestamannafélaganna um miðjan ágúst ásamt upplýsingum um gistingu á Klaustri m.m. **Bókun á gistingu fer alfarið fram í gegnum skrifstofu LH á eyðublöðum sem verða send út síðar.**

Á meðfylgjandi blaði er yfirlit yfir fjölda félaga í LH 2008 og fjölda þeirra þingfulltrúa sem rétt eiga til þingsetu. Það eru 75 félagsmenn á bak við fyrsta þingfulltrúa, 76-150 á bak við annan þingfulltrúa, 151-275 á bak við þann þriðja o.s.frv.

Tillögur og önnur málefni sem hestamannafélögin óska eftir að tekin verða fyrir á þinginu verða að berast skrifstofu LH í síðasta lagi **29. ágúst n.k.** Í lögum LH stendur:

“1.2.2 Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 8 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum bréflega dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.”

Skipuð hefur verið kjörnefnd LH fyrir landsþingið. Nefndina skipa Guðmundur Hagalínsson, Gusti, formaður, Margeir Þorgeirsson, Mána og Sigrún Ólafsdóttir, Snæfellingi. Samkvæmt lögum LH er öll stjórnin kosin á landsþingi sem haldið er annað hvert ár. Skal hún skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Einnig skal kosin 5 manna varastjórn. Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH.

Þeir sem vilja bjóða sig fram til stjórnar LH, koma með ábendingar um stjórnarmenn og / eða nefndarmenn í nefndir þingsins, hafi samband við kjörnefnd: Guðmundur vs. 669 1349b og tölvupóstfang ghl@mbi.is, Sigrún hs. 435 6697 og tölvupóstfang sigolafs@ismennt.is og Margeir gsm. 892 2736 og tölvupóstfang matsem@simnet.is

Bestu kveðjur, f.h. LH

Sigrún Ögmundsdóttir



TOYOTA

ICELANDAIR



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINN Í LAUGARDAL ••• 104 REYKJAVÍK ••• KENNITALA 710169-3579
SÍMI 514 4030 ••• FAX 514 4031 ••• EMAIL lh@isisport.is ••• HEIMASÍÐA <http://www.lhhestar.is>

GLITNIR